



Nefndasvið Alþingis.

Reykjavík
24. apríl 2010.

138. löggjafarþ. 2009-2010
þskj. 45 – 45. mál

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á alm. hgl. nr. 19/1940 (kynferðisbrot).

Undirritaður réttargæslumaður Helga Leifsdóttir, hdl. á vegum Neyðarmóttöku LSH, hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til í 1. gr. að núverandi 1. mgr. 194 gr. hegningarlaga nr. 19/1940 muni framvegis vera á þann veg að hver sem gerist sekur um nauðgun skuli sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum. Í 2. gr. frumvarpsins er sagt að lög þessi öðlist þegar gildi.

Inngangur:

Kynferðisbrot eru meðal alvarlegustu brota sem framin eru en jafnframt þau brot sem erfiðast er að færa sönnur á. Upplýsa þarf fleiri kynferðisbrotamál, tryggja þarf málshraða og að fleiri mál leiði til sakfellingar fyrir dómstólum. Samkvæmt tölum frá Ríkissaksóknara, sem komu fram á ráðstefnu Stígamóta „Nauðganir og viðbrögð samfélagsins á þeim“ þann 9. mars 2010, hefur hlutfall mála vegna kynferðisbrota sem ákært er í aukist verulega á síðustu árum. Á árinu 2009 var sakfellt í 31 kynferðismáli af þeim 57 málum sem bárust til Ríkissaksóknara, en á sama tíma bárust embættinu alls 147 kærsmål og voru felld niður af þeim alls 66 mál. Hæstiréttur hefur á sama tíma haft 9 mál til meðferðar. Á Íslandi er sama vandamálið og hjá nágrannabjóðum okkar um lágt hlutfall mála sem enda með sakfellingu. Kynferðisbrot eru tæplega helmingur þeirra mála sem koma til Ríkissaksóknara allt frá árinu 2005 til dagsins í dag.

Stutt er síðan kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var breytt til að styrkja stöðu brotþola kynferðisofbeldis í réttarkerfinu. Þá voru sett ný heildarlög um sakamál nr. 88/2008, sem tóku gildi 1. janúar 2009, þar sem réttindi brotþola kynferðisofbeldis voru aukin.

Aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi er frá árinu 2006. Í yfirlýsingu tryggingar- og félagsmálaráðherra frá 8. mars 2010 var tilkynnt um aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir árin 2011-2015. Í nýrri aðgerðaráætlun verður sérstök áhersla lögð á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar og dómsmeðferðar. Mótuð verður afstaða til meðferðar nýs sáttmála Evrópuráðsins og endurskilgreina málaflokkinn með hliðsjón af sáttmálanum. Ráðherra mun skipa til þessa verkefnis sérstaka nefnd vegna gerðar nýrrar áætlunar, sem stefnt er að verði tilbúin 24. október á þessu ári. Ég tel þörf á að vera vakandi yfir rétti og stöðu brotþola í refsivörslukerfinu vegna reynslu minnar af vinnu í málaflokknum.

Í umræðum á Alþingi um ofangreint lagafrumvarp hefur dómismálaráðherra boðið fram aðstoð sérfræðinga ráðuneytisins varðandi nánari útfærslu á frumvarpinu. Fagna ég því á sama hátt og aðalflutningsmaður frumvarpsins, Atli Gíslason, alþingismaður hefur látið í ljós ánægju

sína í umræðum á Alþingi um boðið og þegið þá aðstoð. Vona ég að sú vinna innan dómsmálaráðuneytis sé þegar hafin.

Undirritaður lögmaður hefur sinnt réttargæslu og gætt hagsmuna brotþola kynferðisofbeldis á vegum Neyðarmóttöku, allt frá árinu 1994. Löggjafinn hefur á þessum tíma sett lög og bætt hefur verið verklag hjá refsivörslukerfinu, allt til styrktar stöðu brotþola kynferðisofbeldis. Brotalamir eru þó enn í kerfinu enda má ávallt bæta vinnulag. Auka má upplýsinga- og tilkynningaskyldu til brotþola, t.d. um að brotþoli verði látinn vita þegar fyrsta skýrsla er tekin af sakborningi, hvort og hvenær sakborningur fari í gæsluvarðhald og losni úr því, hvenær sakborningur hefji afplánun í fangelsi og losni úr því, o.s.frv. Brotþolar hafa oft miklar áhyggjur af þessum atriðum og tiltölulega auðvelt er að kynna þessar upplýsingar brotþola. Þessi tilkynningarskylda er ekki til staðar, hvorki í lögum né í reglum. Þá hefur lögboðin tilkynningaskylda til brotþola og réttargæslumanns hans ekki ávallt verið virt, svo sem að ákærvaldið sendi ákæru um leið og hún er birt ákærða og sendi eftir atvikum sakargögn með ákærunni. Misbrestur hefur stundum verið á lögboðinni tilkynningaskyldu dómstóla, svo sem boðanir í þinghöld og dómsuppkvaðningar. Tryggt verði að lögboðinni tilkynningu sé fullnægt gagnvart brotþola. Meðferð málsins í refsivörslukerfinu tekur mjög á brotþola og veldur miklu sálrænu álagi á hann, sem unnt er að draga úr.

Umfjöllun um lagagreininna:

194. gr. l. nr. 19/1940.

Frumvarpið orðast svo: Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

1. Viðurlög.

Í **fyrstu mgr.** 194. gr. tel ég að lágmarksrefsingu fyrir nauðgun verði hækkuð í 3 ár.

Í **annarri mgr.** 194. gr. tel ég að lágmarksrefsing verði hækkuð í 2 ár og að henni verði breytt á þennan veg: „Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

Lágmarksrefsing fyrir brot gegn þessari málsgrein skal vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.”

Viðurlög við kynferðisbrotum tel ég vera of væg og dómstólar hafa ekki nýtt sér hinn víða refsiramma við nauðgun, þótt refsingar hafi hægt og bitandi verið að þyngjast. Refsingar fyrir nauðgun eru ekki heldur í samræmi við réttarvitund almennings eða í samræmi við refsingar í t.d. fíkniefnamálum. Rannsóknir og vitneskja um hinar grafalvarlegu afleiðingar fyrir þann sem verður fyrir nauðgun hafa aukist mjög hin síðari ár. Nauðgun hefur í för með sér einhverjar þær alvarlegustu neikvæðu afleiðingar fyrir heilsu og andlegt heilbrigði fyrir hvern þann þolanda sem fyrir brotinu verður. Sömu vandamál um væg viðurlög hafa verið hjá hinum Norðurlöndunum sem hafa nú gripið til þess ráðs að hækka lágmarksrefsingu fyrir nauðgun með lagasetningu.

Vil ég benda á Noreg í því sambandi sem hafa nýlega lagt fram stjórnarlagafrumvarp um þyngri viðurlög vegna grófs ofbeldis, nauðgunar, kynferðislegs ofbeldis, heimilisofbeldis og manndráps. Norðmenn vilja hækka lágmarksrefsingu og hækka hámarksrefsingu í framangreindum málaflokkum og telja að með lögnum mun meðalrefsing þessara alvarlegu

brotá hækka þ.e. lenging á fangelsisvist verði um 30% til 50%. Um stjórnarfrumvarp er að ræða eins og fyrr segir og er nú í meðförum þingsins. Leggur norskri dómismálaráðherrann til að frumvarpið verði strax að lögum.

Vísast til stjórnarlagafrumvarps til norska Stórþingsins, nr. 97 (2009-2010) um breytingar á hegningarlögum: Prop. 97 L (2009-2010), m.a. bls. 12 og á bls. 44-45.

Sjá nánar hlekk :

<http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/regpubl/prop/2009-2010/Prop-97-L-200>

2. Hugtakið „nauðgun“.

Hugtakið „nauðgun“ er sett fram í breytingatillögunni með 1. mgr. 194. gr. Vísað er í greinargerð um nánari skilgreiningu þess hugtaks. Tel ég þessa framsetningu þurfi nánari skoðunar við og orðalagið sé óljóst. Fallið er frá hefðbundinni verknaðarlýsingu frá núverandi ákvæði. Ég er sammála í grundvallaratriðum röksemdum þeim sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu og áréttu skilning minn á því að nauðgun sé mjög alvarlegt brot á kynfrelsi einstaklingsins. Ég tek undir allar þær röksemdir sem koma fram í greinargerðinni á bls. 2-7 um hinar alvarlegu neikvæðu afleiðingar fyrir persónu og líf þolandans. Hins vegar tel ég að vanda þurfi til verka svo lagaákvæðið nái fram tilgangi sínum við að auka réttarvernd brotþola fyrir svo alvarlegu broti sem nauðgun er. Í núgildandi lögum er verknaðaraðferðir taldar upp og vísað er einnig nánar til greinargerðar um frekari túlkun. Skoða má t.d. hvort útvíkka megi hugtakið ofbeldi í áttina til brots á kynfrelsi og friðhelgi einstaklingsins. Eins og frumvarpið er orðað gæti það misskilist og óttast ég að ekki sé nægilegt að vísa til greinargerðar eins og hún er framsett til að skilgreina hugtakið „nauðgun“. Einnig þarf að gæta samræmis ákvæðisins **efnislega** við hin ákvæði kynferðisbrotakafla hgl. Þá vil ég benda á að í norsku hegningarlögunum er ákvæði um „nauðgun af gáleysi“ með lægri refsiramma. Fróðlegt væri að vita hvernig ákvæðið hefur reynst í norskri lagaframkvæmd.

Önnur atriði varðandi brotþola:

Vandinn liggur í erfiðri sönnunarbyrði í þessum málaflokki eða eins og kallað er stundum „orð gegn orði“. Vísbendingar í dómum sem fallið hafa nýlega benda þó til þess að dómstólar séu meðvitaðir um eðli og sérstöðu kynferðisbrota um sönnunarþáttinn og að þeir leggi heildrænt mat á sönnun og sönnunarbyrði. Vanda þarf því mjög til rannsóknar máls á fyrstu stigum, tryggja málshraða, skýrsla af brotþola hjá lögreglu þarf að vera mjög nákvæm, enda er hún eitt grundvallarsönnunargagnið. Gæði lögreglurannsóknar og meðferð hjá ákærvaldi leiða til þess að sakfelld verður í fleiri málum.

Brotþoli hefur skv. núgildandi lagaskipan stöðu vitnis sem hefur ákveðin réttindi sem fórnarlamb brotsins. Lögmæta hagsmuni brotþola um að málið upplýsist og að gerandi fái sína refsingu, má ekki rugla saman við ósk um hefnd. Ég tel að lögmætir hagsmunir brotþola mættu endurspeglast betur í löggjöfni og reglum ákærvalds og lögreglu. Því miður er stór hluti af brotþolum sem upplifa réttarkerfið sem óviðunandi og að hluta til mjög íþyngjandi til viðbótar áfallinu vegna brotsins. Mikilvægt er að grundvallarréttur brotþola sé því virtur í raun. Nauðsynlegt er að brotþoli eða réttargæslumaður hans fái upplýsingar um þegar sakborningur er kallaður til skýrslutöku hjá lögreglu í fyrsta skiptið, að brotþoli fái tilkynningar um gæsluvarðhald yfir sakborningi og afrit af gæsluvarðhaldsúrskurði, þegar rannsókn máls er lokið og málið sent til Ríkissaksóknara. Brýnt er að réttur brotþola sé skýr, að hann eða réttargæslumaður fái upplýsingar um gang og þróun málsins á öllum stigum máls,

að málsmeðferð sé hröð, að fá aðgang að eða upplýsingar úr sakargögnum, að vera til staðar við dómsmeðferð yfir gerandanum, að eiga rétt til að andmæla upplýsingum bæði á rannsóknar- og dómsstigi, að brotþoli fái að eiga samtál við saksóknara málsins að beiðni réttargæslumanns fyrir aðalmeðferð fyrir dómi o.s.frv. Viðurkenning á því að brotþoli hafi réttmæta hagsmuni í málinu og að styrkja þannig réttindi fórnarlambins sem eðlilega leiðir af því, brýtur ekki í bága við þá grundvallarreglu að refsivarslan sé í höndum ríkisins, en ekki hjá einstaklingnum, til að bregðast við lögbrotum. Þungamiðjan í réttindum brotþola er og skal ávallt vera réttur hans til réttargæslumanns, til að gæta hagsmuna brotþola við meðferð málsins í refsivörslukerfinu, þ.m.t. að gæta hagsmuna brotþola við vegna skaðabótakröfu. Skoða má einnig þann kost gefa brotþola réttarfarslega stöðu aðila í refsivörslukerfinu. Verði ofantalin réttindi brotþola þó höfð í heiðri við meðferð máls skiptir það þó kannski ekki öllu máli hvort að brotþoli hafi stöðu aðila í málsmeðferðinni. Eins má skoða hvort veita skuli brotþola rétt til að áfrýja dóminum, t.d. sýknudómi eða viðurlagaákvörðun.

Norskur réttur:

Í þessu sambandi má benda á mjög nákvæma skýrslu norsku laganeftdarinnar dags.

8. maí 2006, „**Brotþoli í refsivörslukerfinu, ný viðhorf og ný réttindi**“, sbr. skýrslan í heild á neðangreindum tengli:

<http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/nouer/2006/nou-2006-10.html?id=391513>

Í kjölfarið breyttu Norðmenn lögum sínum um rétt brotþola, sjá Straffeprosessloven (1981-05-22-25), kafli 8a og kafli 9a. Einnig voru settar verklagsreglur lögreglu og ákærvalds um aðgang brotþola að upplýsingum og um tilkynningarskyldu til brotþola.

Sjá fréttatilkynningu norska dómsmálaráðuneytisins: 25.9.2009 á heimasíðu ráðuneytisins:

Bedre rettigheter for fornærmede og etterlatte i alvorlige straffesaker

Regjeringen har i statsråd endret påtaleinstruksen for å styrke fornærmede og etterlattes rettigheter under behandlingen av alvorlige straffesaker. – Mange ofre og etterlatte har følt at de blir usynlige i strafferettsystemet. Nå blir de tatt på alvor som parter i saken, sier justisminister Knut Storberget.

Fornærmede og pårørende i alvorlige straffesaker skal blant annet ha rett til å få en egen kontaktperson i politiet under etterforskningen. Det fastsettes også at fornærmede og etterlatte kan utpeke en stedfortreder som kan motta informasjon fra politiet og påtalemyndigheten på deres vegne.

Fornærmede i saker om alvorlige integritetskrenkelser og etterlatte gis også rett til å få en samtale med aktor før hovedforhandlingen.

Det fastsettes dessuten flere regler om varsler fra politiet og påtalemyndigheten til fornærmede under etterforskningen. I saker om alvorlige integritetskrenkelser skal fornærmede som hovedregel varsles etter det første avhøret av den anmeldte. Fornærmede og etterlatte skal i noen tilfelle få varsel om rekonstruksjoner under etterforskningen og om pressekonferanser som holdes mens saken etterforskes. Alle fornærmede med bistandsadvokat gis rett til varsel om varetektsfengsling og løslatelse fra varetekt.

Det skal gjennomføres et eget avhør med fornærmede i saker om alvorlige integritetskrenkelser om hvilke konsekvenser lovbruddet har hatt for vedkommende, dersom bistandsadvokaten ber om det.

Sjá einnig: [Faktaark om den nye forskriften](#) og [Den nye forskriften kan du lese her](#).(reglur 1985/1679 breytingum um lögreglu- og ákærvaldið)

Ég vil vekja einnig athygli á reglum um upplýsinga- og tilkynningaskyldu til brotþola varðandi afplánun, fangelsisvist, og reynslulausn dómþola frá 8.12.2006 á sömu vefsíðu norska dómsmálaráðuneytisins undir fyrirsögninni:

Mer informasjon til fornærmede

Regjeringen foreslår å utvide varslingsplikten, slik at fornærmede og etterlatte informeres bedre om blant annet løslatelse og gjennomføring av straff utenfor fengsel. Hovedtrekkene i straffegjennomføringsloven ligger imidlertid fast.

Utvidet adgang til å varsle om forhold knyttet til straffegjennomføringen. I dag varsler kriminalomsorgen på forhånd fornærmede eller etterlatte i straffesaker om tidspunkt for permisjoner, avbrudd i straffegjennomføringen og prøveløslatelse fra fengselsstraff. Departementet foreslår å utvide varslingsplikten slik at den også gjelder ved gjennomføring av straff utenfor fengsel, ved frigang, når domfelte unndrar seg gjennomføring av fengselsstraff eller strafferettslige særreaksjoner, og ved prøveløslatelse fra strafferettslige særreaksjoner. I tillegg foreslås det å utvide varslingsplikten ved permisjoner og straffavbrudd hvis disse direkte gjelder fornærmede eller dennes etterlatte.

Ved løslatelse foreslår departementet at fornærmede eller dennes etterlatte varsles om løslatelsesvilkår og dersom den løslatte endrer bosted i prøvetiden. Som en konsekvens av dette, foreslås det å endre reglene om taushetsplikt. Forslagene om utvidet varsling er i hovedtrekk i samsvar med forslagene til utvalget som har utredet styrking av fornærmedes straffeprosessuelle stilling (NOU 2006:10).

Sjá nánar ofangreindar reglur á hlekk: [Ot. prp. nr. 15 \(2006-2007\)](#)

Með lögum nr. 88/2008 var réttur brotþola á Íslandi styrktur nokkuð frá því sem verið hafði eins og áður hefur verið tekið fram. Norsku sakamálaögin ganga þó lengra varðandi mikilvæg réttindi brotþola. Má nefna að réttargæslumaður hefur heimild til að spyrja brotþola beint við skýrslutöku hjá lögreglu og réttargæslumaður hefur heimild til að mótmæla ótilhlýðilegum eða óviðeigandi spurningum til brotþola. Bent er á orðalag á 107. c. gr. norsku laganna.

§ 107c. Bistandsadvokaten skal vareta fornærmedes og etterlattes interesser i forbindelse med etterforskning og hovedforhandling i saken. Bistandsadvokaten skal også gi slik annen hjelp og støtte som er naturlig og rimelig i forbindelse med saken.

Bistandsadvokaten skal varsles om og har rett til å være til stede i alle rettsmøter og ved politiets avhør av fornærmede og etterlatte under etterforskningen. Det samme gjelder ved andre etterforskningskritt som åstedsbefaringer, rekonstruksjoner og lignende når fornærmede eller etterlatte selv skal delta. **Bistandsadvokaten kan anmode om at det foretas ytterligere etterforskningskritt.**

Ved avhør av fornærmede og etterlatte har advokaten rett til å stille ytterligere spørsmål. Advokaten har rett til å protestere mot spørsmål som ikke kommer saken ved eller som er stilt på en utilbørlig måte. Under avhør i retten må fornærmede eller etterlatte ikke uten rettens samtykke rådføre seg med sin advokat før vedkommende svarer på spørsmål.

Bistandsadvokaten har rett til å uttale seg om prosessuelle spørsmål som angår fornærmede eller etterlatte.

Ellers har bistandsadvokaten de rettigheter og plikter som fremgår av loven her og kan også utøve de rettigheter som er gitt til fornærmede eller etterlatte på deres vegne.

Tilföyd ved lov 14 juni 1985 nr. 71, endret ved lover 17 juni 2005 nr. 90 (i kraft 1 jan 2008 iflg. res. 26 jan 2007 nr. 88), som endret ved lov 26 jan 2007 nr. 3, 7 mars 2008 nr. 5 (i kraft 1 juli 2008 iflg. res. 7 mars 2008 nr. 242).

Sjá einnig 237. gr. norsku sakamálalaganna, sem veitir brotþola heimild til að bera fram ósk um að dómkveðja sérfróðan matsmann á rannsóknarstigi í þeim tilgangi að meta heilsufarslegar afleiðingar af brotinu vegna skaðabótakröfu.

Mjög nákvæm og vel unnin skýrsla sérfræðinefndar skipaðri af norska dómsmálaráðuneytinu dags. 24.1.2008, um baráttu gegn nauðgun: **NOU 2008: 4** „Frá orði til verknaðar“ „Fra ord til handling Bekjempelse av voldtekt krever handling“ er að finna á heimasíðu norska dómsmálaráðuneytisins á eftirfarandi hlekk:

NOU 2008: 4 Fra ord til handling [NOU, Justis- og politidepartementet, 24.01.2008]

Bótaábyrgð ríkissjóðs:

Með lögum nr. 69/1995 var brotþolum veittur réttur til að sækja skaðabætur til ríkissjóðs. Hámarksfjárhæð skaðabóta hefur á óskiljanlegan hátt haldist óbreytt frá setningu laganna, eða kr. 600.000,-. Engin vístölubinding hefur verið á hámarksfjárhæð. Síðan var lágmarksfjárhæð skaðabóta sem ríkið ábyrgist hækkuð nýverið með lagabreytingu, upp í kr. 400.000,-. Nokkuð algengt er að bætur fyrir nauðgun tildæmdar af dómstólum nemi u.þ.b. 1.000.000.- og stundum mun hærri fjárhæð. Ennfremur er algengt að miskabætur eru líka dæmdar af dómstólum undir lágmarkinu, kr. 400.000,-. Brýnt er að mínu mati að breyta þessum lögum strax, til að tryggja lögmatan rétt brotþola til að sækja dæmdar skaðabætur til bótasjóðs. Algengt er að dómþolar séu eignalausir og að brotþolar fái annað hvort engar miskabætur eða aðeins að hluta til, sem er algerlega óásættanlegt. Mikilvægt er fyrir réttindi brotþola kynferðisbrota að þeir fái greiddar skaðabætur frá ríkissjóði að fullu í samræmi við dóm um fjárhæð skaðabóta.

Lokaorð:

Að sinni verður ekki fjallað sérstaklega um rétt brotþola heimilisofbeldis, aðstandenda látins brotþola vegna manndráps, barna sem verða fyrir kynferðisofbeldi eða þolenda vegna nálgunarbanns sakbornings. Undirritaður réttargæslumaður á vegum Neyðarmóttöku hefur leitast við að takmarka umfjöllun þessa um við brot gegn 194. gr. hgl. Réttindi brotþola nauðgunar hafa verið aukin verulega í norskrí löggjöf, bæði í settum lögum og í reglum ákærvalds og lögreglu. Ég tel að styrkja beri enn rétt brotþola nauðgunar. Legg ég áherslu á að Íslendingar leiti til nágrannaþjóða okkar, einkum til Norðmanna.

Dómsmálaráðuneyti hefji vinnu um samningu frumvarpa til lagabreytinga á lögum nr. 19/1940, á lögum nr. 88/2008 um sakamál og að semja reglur varðandi ákærvald og lögreglu í þeim tilgangi að styrkja enn rétt brotþola nauðgunar. Lagabreytingar verði lagðar fram sem fyrst á þessu löggjafarþingi eða eigi síðar en á næsta löggjafarþingi og reglur fyrir ákærvald og löggæslu um aukinn rétt brotþola verði settar hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Helga Leifsdóttir, lögmaður,
réttargæslumaður brotþola á vegum Neyðarmóttöku LSH.

Nefndasvið Alþingis.

Reykjavík 26. apríl 2010.

138. löggjafarþing 2009-2010
Þksj. 45-45.mál.

Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á alm. Hgl. Nr. 19/1940 (kynferðisbrot).

Undirritaðir starfsmenn Neyðarmóttöku vegna nauðgana (NM) á Slys- og bráðadeild LSH höfum haft ofangreint frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisbrot) á **1.gr. 1.mgr. 194.gr. laganna sem orðast svo: Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ára og allt að 16 árum.**

Sú megináhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir samræmist ekki nema að hluta til í þeim kynferðisbrotamálum sem sinnt hefur verið á Neyðarmóttökunni allt frá því hún var stofnsett árið 1993. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála að líkamlegir áverkar og líkamlegt ofbeldi hefur haft mesta þýðingu hvað varðar sönnun um ásetning geranda. Langsjaldnast eru vitni né ytri ummerki til staðar og verður að byggja niðurstöðu á öðrum gögnum, svo sem trúverðugleika brotapolu, vitna og á mati á andlegum afleiðingum.

Andlegum áverkum hefur verið lítill gaumur gefinn hingað til. Aukin þekking og rannsóknir síðustu ár á afleiðingum nauðgana hefur hins vegar fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana. Nauðsynlegt er því að lögin endurspegli þekkinguna á málum er snerta kynbundið ofbeldi. Við viljum bæta við rökstuðning með þessu frumvarpi með eftirfarandi upplýsingum úr rannsóknum um eðli og afleiðingar nauðgana, innlendum sem erlendum.



4. Tíðnirannsóknir og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis og nauðgana.

Þegar litið er til Íslands og annarra Norðurlanda eru því miður til mjög takmarkaðar niðurstöður um tíðni og eðli kynferðislegs ofbeldis (Wijma o.fl., 2003). Við ítarlega heimildaleit í PsychInfo í janúar 2008 komu fram tvær birtar rannsóknir sem fjalla um tíðni kynferðislegs ofbeldis á Íslandi. Fyrri rannsóknin var samnorrænt verkefni sem kannaði tíðni ofbeldis hjá konum 18 ára og eldri sem leituðu til kvensjúkdómalæknis. Gögnum var safnað á árunum 1999 til 2001 og tóku 649 íslenskar konur þátt í rannsókninni. Af þeim hópi greindu 33% kvenna frá því að hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi en 22,5% greindu frá upplifun á alvarlegu kynferðislegu ofbeldi einhvern tímann á ævinni. Þetta er töluvert hærra en á hinum Norðurlöndunum (16,6 til 26,9%; Wijma o.fl., 2003) og í Bandaríkjunum (U.S. Department of Justice, 2000). Þegar spurt var um slæm áhrif kynferðislegs ofbeldis á líf þátttakenda á þeim tíma sem könnunin fór fram þá sögðust 26,3% finna fyrir slæmum áhrifum ofbeldisins í daglegu lífi.

Hin rannsóknin var samnorræn úttekt á neyðarmóttökum á Norðurlöndunum sem framkvæmd var árið 1996 (Nesvold, Worm, Vala og Agnarsdóttir, 2005). Alls tóku 74 íslenskar konur sem upplifað höfðu kynferðislegt ofbeldi þátt í rannsókninni. Þátttakendur voru á aldrinum 12 til 58 ára. Niðurstöður

Þessarar rannsóknar sýnu að um 65% kvennanna var nauðgað en um helmingur þolenda tilkynnti að hafa einnig orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Þá sýndu niðurstöður að ráðist var á þriðjung þolenda meðan þær voru sofandi. Flestar þeirra voru undir áhrifum áfengis og talið var að hluta þeirra hafi verið byrjað lyfjum (Nesvold o.fl., 2005).

Árið 2004 könnuðu Barnaverndarstofa og rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi og kynlífshegðun íslenskra ungmenna (Barnaverndarstofa, 2007). Könnun var lögð fyrir 10.472 nemendur í framhaldsskólum landsins á aldrinum 16 til 24 ára. Sérstaklega var unnið með niðurstöður 9113 ungmenna á aldrinum 16 til 19 ára og eru þær niðurstöður hér til umfjöllunar. Alls greindu 8,4% þátttakenda frá kynferðislegri misnotkun, þar af höfðu 3,2% lent í slíku oftari en einu sinni. Algengast var að ungmennin hefðu orðið fyrir misnotkuninni 6 til 17 ára. Einnig var spurt hvort þátttakendur hefðu einhvern tímann verið sannfærðir, þvingaðir eða neyddir til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum og sögðust 9,4% hafa lent í slíku, þar af 3,8% oftari en einu sinni. Miðað við fjölda barna sem segir frá þessu ofbeldi hér á landi þá má álykta að margir bíða þess aldrei bæturs. Á Neyðarmóttökuna leita árlega ungir brotapolar allt niður í 10 ára aldur. Alls hafa 680 einstaklingar 18 ára og yngri notið þjónustunnar, heildarfjöldi mála er 1813 á árunum 1993-2009.



4. 4 , 4.4.1 Afleiðingar nauðgana, fyrstu viðbrögð og sálrænar langtímaafleiðingar.

Vaxandi þekking sýnir að kynferðislegt ofbeldi hefur víðtækar og alvarlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu, starfsgetu og veldur verulegri skerðingu á lífsgæðum (t.d., Kilpatrick o.fl., 1985; Resick og Calhoun, 2001).

Niðurstöður rannsókna hafa ítrekað sýnt fram á alvarlegar og langvarandi afleiðingar kynferðislegs ofbeldis (t.d., Boney-McCoy og Finkelhor, 1996; Kilpatrick o.fl. 1985; Kilpatrick o.fl., 2000; Saunders, Villeponteaux, Lipovsky, Kilpatrick og Veronen, 1992). Sá geðvandi sem oftast kemur upp í rannsóknum á afleiðingum áfalla er áfallastreituröskun (*posttraumatic stress disorder*) (Kilpatrick, Saunders og Smith, 2003). Áföll af manna völdum eins og ofbeldisverknadir leiða frekar til áfallastreituröskunar heldur en önnur áföll eins og slys eða náttúruhamfarir (Resnick, Kilpatrick, Dansky, Saunders og Best, 1993). Þolendur kynferðislegs ofbeldis eru líklegri til að greinast með aðrar geðraskanir, eins og almenna kvíðaröskun, alvarlegt þunglyndi (*major depressive disorder*) og áfengis- og vímuefnamisnotkun, en þeir sem ekki verða fyrir slíku ofbeldi (t.d., Aciermo o.fl., 2000; Kilpatrick o.fl. 1985; Kilpatrick o.fl., 2000). Þegar kynferðislegt ofbeldi á sér stað hjá börnum og unglingum hefur það gjarnan neikvæðar afleiðingar á námsárangur (Dyson, 1990) og eykur áráshneigð eða óæskilega hegðun (t.d., Buka, Stichick, Birdthistle og Earls, 2001; Farrell og Sullivan, 2004). Auk þess sýna rannsóknir að konur sem er nauðgað fyrir 18 ára aldur eru a.m.k. tvisvar sinnum líklegri til verða nauðgað aftur á fullorðinsárum (t.d., U.S. Department of Justice, 2000).

Rannsóknir sýna einnig að hærra hlutfall einstaklinga þjáist af áfallastreituröskun eftir nauðgun en eftir önnur áföll. Hins vegar er rétt að geta þess að rannsóknir sýna einnig að hluti þeirra sem upphaflega greinast með áfallastreituröskun fyrst eftir atburðinn ná bata fyrstu mánuðina eða árin eftir atburðinn. Rannsókn Rothbaum, Foa, Riggs, Murdock og Walsh (1992) sýndi til dæmis að tveimur vikum eftir nauðgun uppfylltu 97% þolenda nauðgunar greiningarviðmið áfallastreituröskunar. Premur mánuðum eftir nauðgunina uppfylltu 47% enn öll viðmið röskunarinnar. Þá er talið að um helmingur þeirra sem

enn uppfylla greiningarviðmið um röskunina eftir 3 mánuði ná sér á næstu árum (Ehlers, Bayou og Bryant, 1998; Kessler et al, 1995). Mikilvægt er því að hafa í huga að stór hluti þeirra einstaklinga sem verða fyrir alvarlegum áföllum eins og kynferðisofbeldis ná að vinna úr atburðinum. Fjöldi áhættuþátta hafa verið tilgreindir sem auka líkurnar á að einstaklingur þrói með sér röskunina. Sem dæmi má nefna ef einstaklingurinn á við fyrri geðvanda að stríða, fyrri áföll, skortur á félaglegum stuðningi, lægri greind, óstöðuleiki í fjölskyldunni á uppvaxtarárum (McNally, Bryant og Ehlers, 2003).

Rannsókn sem gerð var á komum brotþola á Neyðarmóttöku árin 2003-2007 sýndi að nokkuð stór hluti þolenda, eða 33,9%, greindi frá fyrri áföllum. (Rannsókn; Agnes Björg Tryggvadóttir. Eðli og alvarleiki hjá þolendum kynferðisofbeldis sem leita til Neyðarmóttöku LSH, 2008). Alls sögðu 112 þolendur (17,7%) frá því að hafa einhvern tímann áður orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun. Flestir þolendur kynferðislegs ofbeldis leituðu aðeins einu sinni til Neyðarmóttökunnar en þó höfðu 8,3% þolenda á tímabilinu komið oftar.

4.3 Nauðgunarárásin, fjöldi og tengsl geranda í kynferðislegu ofbeldi.

Það virðist að einhverju leyti fara eftir eðli kynferðislegs ofbeldis hvort almenningur sé tilbúinn til að kalla það nauðgun. Almennigur virðist líta á eina gerð nauðgunar sem raunverulega nauðgun en aðra ekki og dregur þannig úr tíðni þeirra. Þungbær nauðgun (*aggravated rape*) er fátíð en þá er um marga ókunnuga gerendur að ræða og miklu ofbeldi er beitt en almenningur er fljótur að samþykkja slíkan atburð sem nauðgun. Almennigur lítur síður á einfalda nauðgun (*simple rape*) sem raunverulega nauðgun en þá er einn gerandi sem er kunnugur þolanda og líkamlegt ofbeldi er í lágmarki. Það er ekki fyrr en almenningur fer að telja slíkar nauðganir raunverulegar og alvarlegar að tíðnin hækkar verulega (Goode, 1994). Telja má að þetta viðhorf til nauðgana og afleiðinga þeirra liti líka viðhorf fagfólks innan réttarkerfisins og hve ákært er í fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kæra sem berast árlega.

Brotþolar sem leituðu á Neyðarmóttökuna árin 2003-2007 sögðu margir hverjir frá því að fleiri gerendur brutu á þeim. (Rannsókn; Agnes Björg Tryggvadóttir. Eðli og alvarleiki hjá þolendum kynferðisofbeldis sem leita til Neyðarmóttöku LSH, 2008). Skoðaður var fjöldi gerenda kynferðislegs ofbeldis, bæði virkir gerendur (tóku þátt í ofbeldinu) og eins voru áhorfendur flokkaðir sem gerendur. Í töflunni sést að langflestir þolendur (81,6%) urðu fyrir ofbeldi af hendi eins geranda.

Tafla 7. Fjöldi gerenda

	Fjöldi gerenda (n=575)
1	469 (81,6 %)
2	68 (11,8%)
3 til 4	28 (4,9%)
5 eða fleiri	10 (1,7%)

Í rannsókn Agnesar Gísladóttur (Tíðni og einkenni kynferðisofbeldis gegn konum sem leituðu á Neyðarmóttöku LSH á árunum 1998-2007), kom fram **fjöldi geranda í kynferðisbrotamálum.**

Fjöldi gerenda		
1	902	76,0%
2 eða fleiri	174	14,7%
Ekki vitað	111	9,4%

Stefnumót eru gjarnan aðdragandi kynferðislegs ofbeldis. Í 12,8% nauðgana og 35% nauðgunartilrauna sem sagt var frá í rannsókn á kynferðislegu ofbeldi gegn konum í háskóla í Bandaríkjunum gerðust atburðirnir á stefnumóti þolanda og geranda. Einnig áttu 22,9% hótana um nauðganir sér stað á stefnumóti (Fisher, Cullen og Turner, 2000). Mikilvægt er að hafa í huga að meirihluti ungra geranda líta ekki á stefnumótanauðgun sem raunverulega nauðgun og telja sig því ekki vera gerendur. Þolendur eru einnig hikandi við að skilgreina stefnumótanauðgun sem nauðgun (Thio, 2007).

Samkvæmt niðurstöðum Bart og O'Brien (1985) virðist aðdragandi kynferðislegs ofbeldis ólíkur eftir tengslum gerenda við þolendur, það er að kunnugir gerendur reyna að lokka þolandann en ókunnugir beita ofbeldi og ógnun. Þegar gerandi er kunnugur þolanda er oftast um skipulagða nauðgun að ræða og notar gerandi rómantik, smjaður, áfengi og annað sem vænlegt þykir til að tæla viðkomandi til kynlífs. Þegar á hólminn er komið eru óskir og neitanir þolandans hunsaðar og gerandinn fær sínu fram en notar sjaldnast vopn eða gróft ofbeldi. Þegar gerandi er ókunnugur velur hann oftast þolanda sem hann telur auðvelt fórnarlamb sem áttar sig ekki á ógninni og getur ekki brugðist við vegna þroskaskerðingar, áhrifa áfengis, vímuefna eða svefns. Algengt er að ógnun sé beitt til að ná sínu fram, ofbeldi er hótáð og jafnvel beitt meðan verknáðurinn er framinn.

Fyrri tengsl þolanda við gerendur kynferðislegs ofbeldis árin 1998-2007. Í rannsókn Agnesar Gísladóttur (Tíðni og einkenni kynferðisofbeldis gegn konum sem leituðu á Neyðarmóttöku LSH á árunum 1998-2007), sést að minna en helmingur gerenda voru ókunnugir þolanda eða aðilar sem þolandi hafði nýverið kynnst (44,4%) en margir gerendur voru aðilar sem þolendur þekktu fyrir árás (48,4%).

Fyrri tengsl þolanda og gerenda.

Tengsl þolanda og gerenda		
Ókunnugur eða innan við sólarhrings kynni	601	44,4%
Vinur, kunningi, skólafélagi, samstarfsmaður	489	36,1%
Fjölskyldutengsl	34	2,5%
Maki/kærasti	48	3,5%
Fyrirverandi maki/kærasti	65	4,8%
Yfirboðari (t.d. kennari, læknir, prestur, yfirmaður)	20	1,5%
Upplýsingar vantar	98	7,2%
Heildarfjöldi gerenda	1355	

4.3 Nauðgunarárásin, líkamlegt ofbeldi, áverkar og hótanir

Kynferðislegt ofbeldi í málum brotaþola sem leituðu árin 2003-2007 til Neyðarmóttöku var flokkað eftir alvarleika samkvæmt skilgreiningum úr samnorrænum rannsóknum. Flestir þolendur urðu fyrir alvarlegu kynferðislegu ofbeldi (68,9%) sem samkvæmt skilgreiningunni felur í sér innþrengingu af einhverju tagi, það er nauðgun samkvæmt núgildandi lögum. Brotið var á kynfrelsi hinna þolandanna með kynfærarnertingu eða tilfinningalegu ofbeldi eða öðru kynferðislegu ofbeldi var beitt.

Talsvert var um að líkamlegt ofbeldi fylgdi því kynferðislega en 41,2% þolanda sem leituðu til Neyðarmóttöku vegna kynferðislegs ofbeldis á fimm ára tímabili 2003-2007 (Rannsókn Agnes Björg Tryggvadóttir. Eðli og alvarleiki hjá þolendum kynferðisofbeldis sem leita til Neyðarmóttöku LSH, 2008), játaði að hafa einnig orðið fyrir einhvers konar líkamlegu ofbeldi meðan á árás stóð. Tæplega helmingur þolanda (44%) varð ekki fyrir líkamlegu ofbeldi en þessar upplýsingar vantaði fyrir 14,9% þolanda. Tafla 11 sýnir eðli líkamlegs ofbeldis hjá þeim þolendum sem urðu fyrir slíku. Í töflunni sést að algengast var að þolendum væri haldið (69,3%) meðan á árás stóð.

Tafla 11. Eðli líkamlegs ofbeldis

Gerðir líkamlegs ofbeldis	Fjöldi (n=261)
Haldið	181 (69,3%)
Hindruð fôr/Lokað inni	38 (14,6%)
Bundið/handjarnað	12 (4,6%)
Föt rifin, skemmd	45 (17,2%)
Rispað, klórað (m.nöglum)	3 (1,1%)
Slegið með flötum lófa	35 (13,4%)
Hnefahögg	36 (13,8%)
Hrint	56 (21,5%)
Sparkað	10 (3,8%)
Kverkatak	26 (10%)
Beinbrot/Bruni	4 (1,5%)
Vopn/áhald notað*	20 (7,7%)
Annað**	113 (43,3%)
* T.d. hnifur, snæri, belti og koddur	
** T.d. þolandi dreginn, ýtt niður, haldið fyrir munn, lagst ofan á, höfði lamið í vegg/gólf og rífið í hár	

Tíðni og alvarleiki líkamlegra áverka hjá þolendum sem leituðu til Neyðarmóttökunnar á tímabilinu var samkvæmt skilgreiningum rannsóknarinnar. Algengast var að þolendur hlytu enga (57%) eða minniháttar (39,2%) líkamlega áverka af völdum kynferðislegs ofbeldis en minniháttar áverkar voru helst mar, roði og eymsli sem kröfðust ekki frekari læknisaðstoðar. Nokkuð var um að þolendum kynferðislegs ofbeldis væri hótáð meðan á ofbeldinu stóð en sú var raunin hjá 18,5% þolenda. Mismundandi var hvernig hótanirnar bárust þeim þolendum sem fengu hótanir. Algengast var að þolendum væri hótáð í eigin persónu (88,9%) og voru þær hótanir oftast í formi orða (87,5%).

Almenningur virðist oft ekki vera viss um hvað skuli flokka sem nauðgun en ákveðinn hluti fólks trúir þeirri goðsögn að samfarir við áfengisdauða konu sé ekki nauðgun og að ef kona fari heim með manni að stefnumóti loknu sé hún að senda þau skilaboð að hún sé til í kynlíf (Kahlor og Morrison, 2007; Lonsway og Fitzgerald, 1994; Payne, Lonsway og Fitzgerald, 1999). Þessar goðsagnir eru fjarri sannleikanum og ala á fordómum gagnvart þolendum, meðal annars með því að beina ábyrgðinni að þolendum og draga úr ábyrgð gerenda með því að réttlæta athafnir þeirra. Samkvæmt rannsókn á komum árin 2003-2007 (Agnes Björg Tryggvadóttir; Eðli og alvarleiki hjá þolendum kynferðisofbeldis sem leita til Neyðarmóttöku LSH, 2008) þá flokkuðust alls 71,8% þolenda sem drukkið höfðu áfengi fyrir árás sem þolendur áfengistengds kynferðislegs ofbeldis, það er þeir þolendur sem voru í áfengisdái eða of drukknir til að vita hvað væri að gerast eða stjórna eigin hegðun. Alls voru 47% allra þolenda á tímabilinu þolendur áfengistengds kynferðislegs ofbeldis. Þegar um áfengistengt kynferðislegt ofbeldi var að ræða var eðli neyslu einnig kannað. Flestir þolendur slíks ofbeldis höfðu sjálfviljugir neytt áfengis eða 92,1%. Um 6,3% þessara þolenda töldu að áfengi hefði verið haldið að þeim og um þvingaða áfengisneyslu var að ræða hjá 0,7% þolenda. Upplýsingar um eðli áfengisneyslu vantaði fyrir 1% þolenda sem neytt höfðu áfengis fyrir árás.

4.4.1 Viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi

Í bandarískri rannsókn á kynferðislegu ofbeldi í úrtaki háskólakvenna var spurt út í viðbrögð þolenda við árás. Í ljós kom að stór hluti þolenda hafði reynt að verja sig eða 65,1% þeirra sem var nauðgað auk 91,5% þeirra sem lentu í tilraun til nauðgunar og stórum hluta þeirra sem lentu í kynferðislegri þvingun eða tilraun til þvingunar. Einnig var spurt hvernig þátttakendur hefðu reynt að verjast kynferðislegu ofbeldi. Flestir notuðu líkamlegt afl gegn geranda eða reyndu að biðja hann um að hætta. Önnur algeng viðbrögð voru að sárþæna eða grátbiðja gerandann um að hætta ofbeldinu, öskra eða hrópa til að hræða gerandann í burtu eða ýta höndum geranda frá sér (Fisher, Cullen og Turner, 2000). Hafa verður í huga að hluti þolenda sem ekki reynir að verjast getur það ekki sökum skerts vitundarástands vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu.

Tekið var saman viðbrögð brotþola við árás í rannsókn Agnesar Gísladóttur (Tíðni og einkenni kynferðisofbeldis gegn konum sem leituðu á Neyðarmóttöku LSH á árunum 1998-2007). Kemur þar í ljós að mjög margir brotþolar reyna að verja sig með orðum eða tala geranda til. Flestar meta frekari andspyrnu þannig að þær hljóti verra af að berjast á móti og segja langoftast að þær hafa ekki líkamsburði til þess heldur. Þrátt fyrir þessi varnarviðbrögð hefur það ekki verið metið brotþola í hag í málsmeðferð þegar mál eru kærð.

Viðbrögð við árás		
Fraus	149	12,6%
Barðist líkamlega á móti	352	29,7%
Barðist á móti með orðum/reyndi að tala til	349	29,4%


5. Lokaorð.

Rannsókn á komum brotþola á Neyðarmóttökuna árin 1998-2007 sýnir að aukning er á komum, sérstaklega meðal kvenna á aldrinum 18-25 ára. Starfsfólk Neyðarmóttöku hefur vegna starfa sinna aflað þekkingar á afleiðingum kynferðislegs ofbeldis. Þrátt fyrir að stofnun Neyðarmóttöku árið 1993 hafi fyrst og fremst verið til þess að styrkja réttarstöðu brotþola með réttarlæknisskoðun og fá sem nákvæmasta frásögn brotþola af atburði, þá hefur kærur ekki fjölgað hlutfallslega og meðferð mála í réttarvörslukerfinu hefur lítið breyst, niðurfellingar mála tíðar og fáar sakfellingar. Brotþolar upplifa að þeim verði ekki trúað, orð er gegn orði og þeirra frásögn ekki tekin gild og um 47% tilfella hafa t.d. brotþolar verið þolendur áfengistengds kynferðislegs ofbeldis. Með aukinni þekkingu á afleiðingum þessa ofbeldis og markvissari greiningu á áfallaröskun eftir nauðgun, teljum við að næsta skref löggjafans sé að taka eigi frekar tillit til kynferðislegs sjálfsákvörðunarréttar brotþola og horfa til verndarhagsmuna og samþykkis frekar en horfa mest til verknaðaraðferða. Þær upplýsingar um eðli kynferðisbrota sem við höfum aflað styðja við þetta.

Vegna áframhaldandi vinnu og umræðu vegna þessa frumvarps þá hjóðum við fúslega fram okkar aðstoð.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd starfsfólks Neyðarmóttöku vegna nauðgunar.



Eyrun B. Jónsdóttir

Verkefnisstjóri Neyðarmóttöku v. Nauðgunar



Dr. Berglind Guðmundsdóttir

Sálfræðingur.